

PAK YFIR HÖFUÐIÐ - LANDSSAMBAND
HÁVALLAGÖTU 24
101 REYKJAVÍK.

Alþingi
Erindi nr. P 122/1491
komudagur 25.3.198

Reykjavík 25. mars 1998.

Félagsmálanefnd Alþingis
Kristín Ástgeirsdóttir formaður
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Efni: umsagnir um frumvörp um húsnæðismál og byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Landssambandinu PAK YFIR HÖFUÐIÐ hafa borist til umsagnar tvö frumvörp, nr. 507 um húsnæðismál og nr. 508 um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Rétt er að taka strax fram að félögum og félagasamtökum innan Paks yfir höfuðið gafst ekkert tækifæri að koma að samningu þessara frumvarpa, þótt eftir því hafi verið leitað, fyrst á fundi með félagsmálaráðherra 27. nóv. 1995. Þá er tími til umsagnar mjög stuttur og nánast útilokað að gera frumvarpi með greinargerð upp á rúmar 100 síður, tæmandi skil.

Með tilliti til þessa leggjur PAK YFIR HÖFUÐIÐ eindregið til að afgreiðslu umræddra frumvarpa verði frestað til haustsins, svo tími gefist til að fara betur ofan í þau fjölmörgu atriði, sem gerðar hafa verið athugasemdir við.

Þar sem PAK YFIR HÖFUÐIÐ átti ekki þess kost að koma að samningu þessara frumvarpa, er lagt til að skipuð verði fagnefnd til að fjalla um þau frekar með tilliti til hagsmuna þeirra mörgu félaga og félagasamtaka, sem eru innan PAKS YFIR HÖFUÐIÐ. Nefndin skili álit þáð tímanlega fyrir haustið, að tóm gefist til nauðsynlegra breytinga.

Nefna má eftirfarandi sem þarfnast frekari skoðunar:

1. Hugsanleg vaxtakjör hjá Íbúðalánasjóðnum
2. Lánsfjármagn sem félögum og félagasamtökum stæði til boða á næstu árum hjá Íbúðalánasjóði
3. Möguleikar á að opna húsbrefakerfið fyrir félög og félagasamtök
4. Afnám skattlagningar á húsaleigubætur

5. Útvíkkun vaxtabótakerfisins og hugsanleg sameining við húsaleigubótakerfið
6. Tengsl félaga og félagasamtaka við sveitarfélögin og húsnæðisnefndirnar og samstarfið þarna á milli
7. Tryggingarsjóðurinn og væntanlegur Varasjóður
8. Hækkanir á byggingarkostnaði vegna niðurfellingar framlaga og aukinna gjalda samkv. frumvarpi um húsnæðismál
9. Leiðir til að færa ábyrgð og verkefni frá sveitarfélögunum til félagasamtaka og félaga í húsnæðismálum (félagavæðing)
10. Aðild félaga og félagasamtaka (PAK YFIR HÖFUÐIÐ) að ákvarðanatekt og umsögnum um það sem snýr að húsnæðismálum og hagsmunum í því sambandi.

Landssambandið PAK YFIR HÖFUÐIÐ telur ýmislegt í frumvarpi um húsnæðismál til bóta s.s. sameining byggingarsjóðanna, fækkun lánaflokka og fl. Margt leiðir hins vegar til meiri kostnaðar fyrir einstaklinga og félög og alvarlegast, að ekki skuli gert ráð fyrir markvissri uppbyggingu leiguhúsnæðis á næstu árum á viðráðanlegum kjörum.

Ef um er að ræða einstök brýn atriði sem þarfnast afgreiðslu sem fyrst, getur félagsmálaráðherra flutt um þau sérstakt lagafrumvarp til afgreiðslu í vor og lögfestingur um leið.

PAKI YFIR HÖFUÐIÐ var fyrir skömmu breytt í formlegt landssamband og hafa 12 félög og félagasamtök þegar gerst aðilar að landssambandinu. Til marks um hvert hagsmunamál, húsnæðismálin eru fyrir þessa aðila, þá voru lánaumsóknir þeirra hjá Byggingarsjóði verkamanna 1996 alls um 43.5% og úthlutað lán um 43%. Af alls 30 umsækjendum um lán 1996 voru 16 sveitarfélög og 14 félög og félagasamtök.

Að endingu er aftur ítrekað að fresta beri afgreiðslu þessara frumvarpa um húsnæðismál til hausts.

Í stjórn PAKS YFIR HÖFUÐIÐ

Þorinn Þorgeirsson
Jóhannes Þór Guðmundsson
Halla Káðan Lóla-Árnadóttir
Gestur Þorlínsson
Olög Þorvaldsson